

Helsta og besta ástæðan.

(Þýtt.)

Lítil stúlka var að leika sér að brúðunni sinni. En mamma hennar var að skrifa. Eftir nokkra stund kallar móðirin á hana upp í fangið á sér. Tátan litla segir þá: „Eg er svo glöð, mamma. Mig langaði til að elskja þig *mikið*.“

„Jæja, ástin míن!“—Og hún vafði hana að sér.—„Mér þykir vænt um að litla stúlkan mínn elskar mig. En leiddist þér meðan eg var að skrifa? Mér sýndist þið, brúðan þín og þú, una ykkur svo vel saman.“

„Já, við gerðum það. En eg þreyttist á að elskja hana.“

„Því þá það?“ — Æ, af því hún elskar mig ekki aftur. — „Nú, þess vegna elskar þú mig?“ — „Já, það er eina ástæðan, mamma mínn. En það er helsta og besta ástœðan.“

„Hver er hún, góða mínn?“

„Geturðu ekki getið upp á, mamma?“ Og bláu augun urðu svo tindrandi björt og blíð. — „Það er vegna þess að þú elskar mig, þegar eg var of lítil til þess að elskja þig aftur. Þess vegna elskta eg þig svo mikið, mamma.“ Og hún þaut upp um hálsinn á möðmu sinni.

Petta svar litlu stúlkunnar minnir á inndælu orðin hjá postulanum Jóhannesi: „*Elskum hann, því hann hefir elskoð os að fyrra bragði.*“ (1. Jóh. 4. 19.)

Fyrsta lexfan hans.

Enski spekingurinn mikli John Ruskin, sem dó fyrir rúmmum sex árum, segir á þessa leið frá fyrstu lexíunni, sem hann fékk í hlýðni:— „Það var kvöld eitt. Eg sat á kjöltu fóstru minnar. Á stónni stóð sjóðandi te-kanna. Eg vildi ná í hana og söttist eftir hví með miklum ákafa. Móðir mínn skipaði mér að halda fingrunum á mér burtu frá könnunni. En eg heimtaði að mega halda þeim að henni. Fóstra mínn hafði tekið mig burtu frá stónni. En móðir mínn sagði: „Lofaðu honum að taka á könnunni.“ — Eg gerði það líka. Og var það fyrsta lexíað, sem eg fékk í útskýringunni á orðinu *frelsi*. Það var líka í fyrsta sinni að eg fékk að bragða á frelsinu, og í síðasta sinni í langan tíma að eg bað um að fá að bragða á því.“
